

LANDSKJÖRSTJÓRN

Allsherjarnefnd Alþingis,
Austurstræði 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. desember 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu, þskj. 118., 112. mál.

Óskað hefur verið eftir því að landskjörstjórn veiti umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur á þskj. 118 (112. mál). Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á fundi landskjörstjórnar 30. nóvember síðast liðinn og vill nefndin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Sama mál var flutt á síðasta þingi (125. mál) og hefur landskjörstjórn áður veitt umsögn um það. Landskjörstjórn vill áréttta að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort auka eigi hlut þjóðaratkvæðagreiðslna hér á landi. Í ljósi þess að í stjórnarskrá er við það miðað að ákveðin mál skuli útkljáð í þjóðaratkvæðagreiðslu og dæmi eru frá fyrri tíð um að leitað hafi verið ráðgefandi afstöðu þjóðarinnar um tiltekin málefni í almennri og leynilegri atkvæðagreiðslu er hins vegar æskilegt að fyrir hendi séu almennar reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Almennt vill landskjörstjórn taka fram að hún telur að við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna sé eðlilegt að styðjast í sem mestum mæli við það kosningafyrirkomulag sem er til staðar hér á landi eins og gert er í frumvarpinu. Með því nýtist bæði þekking og fjármunir best.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins vill landskjörstjórn benda á að 2. mgr. er því sem næst samhljóða 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Þessi endurtekning virðist vera óþörf.

Í tilefni af 9. gr. frumvarpsins vill landskjörstjórn áréttta að við þjóðaratkvæðagreiðslur gefst kostur á að telja atkvæði á einum stað enda atkvæði greidd um sama málefni um allt land. Ávinningurinn við slíkt fyrirkomulag er að auðveldara yrði að koma við endurtalningu áður en úrslit eru tilkynnt opinberlega ef niðurstaða talningar á landsvísu gefur tilefni til þess. Samkvæmt frumvarpinu virðist ætlunin að telja í hverju kjördæmi og gera grein fyrir staðbundnum úrslitum eins og tíðkast við alþingiskosningar og forsetakosningar. Landskjörstjórn telur það orka tvímælis að úrslit í einstökum kjördæmum séu kunnngjörð að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu þegar slík staðbundin úrslit hafa enga þýðingu. Í þeim tilvikum væri eðlilegra að birta úrslitin aðeins á landsvísu.

Ef ekki stendur vilji til þess að telja atkvæðin á einum stað vill landskjörstjórn benda á að ákvæði 9. og 10. gr. mættu vera skýrari um hvort yfirkjörstjórnir eigi að útkljá

LANDSKJÖRSTJÓRN

innbyrðis ágreining um gildi atkvæðaseðla þannig að aðeins umboðsmenn fylkinganna geti skotið ágreiningsseðlum til landskjörstjórnar eða hvort atkvæðaseðlar sem ágreiningur er um innan yfirkjörstjórnar eigi einnig að koma til úrskurðar landskjörstjórnar.

F.h. landskjörstjórnar

Ástráður Haraldsson
formaður.